

Fundargerð

Aðalfundur KGSÍ haldinn á Hótel KEA á Akureyri 4. maí 2013 kl. 9:00

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Reikningar KGSÍ fyrir árið 2012 lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna og varamanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
-
7. Fréttir frá Kirkjugarði Hafnarfjarðar – Arnór Sigurðsson, framkv. stj. segir frá starfi sínu.
8. Úttekt á fjármálum kirkjugarða – Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur.
9. Erindi heimamanns: Bjarni Guðleifsson náttúrufræðingur ávarpar fundinn.
10. Þórsteinn Ragnarsson – gerir grein fyrir reynslu sem komin er á greiðslukerfi KGSÍ, þ.e.a.s. skýrslugerð presta og starfsmanna kirkjugarða á gardur.is
- Hádegismatur frá 12:00 til 13:00. Fundarmenn og makar snæða saman á fundarstað. Reiknað er með að fundi ljúki um kl. 14:00.
11. Sigurgeir Skúlason, starfsmaður Kirkjugarðaráðs, kynnir kortakerfi á www.gardur.is
12. Verklagsreglur fyrir starfsmenn kirkjugarða – Þorgeir Adamsson KGRP, Heimir Janusarson KGRP og Stefán Gunnarsson KGA og Guðmundur Rafn Sigurðsson kirkjugarðaráði fylgja úr hlaði drögum að verklagsreglum.
13. Önnur mál.

Fundargestir:

Albert Eymundsson	Höfn og Stafafell í Lóni
Arnfinnur Einarsson	KGRP
Arnór Pálsson	Útfararstofa kirkjugarðanna ehf.
Arnór Sigurðsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Bjarni Grímsson	KGRP
Björn Sveinlaugsson	Kirkjugarður Seyðisfjarðar
Björn Sveinsson	KGRP
Emilía Guðrún Svavarsdóttir	KGRP
Erlendur Geir Arnarson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Friðbjörn Björnsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Guðbergur Rafn Ægisson	Kirkjugarður Húsavíkur
Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjugarðaráð
Gunnar Vilbergsson	Kirkjugarður Grindavíkur
Gunnþór Gíslason	Selfosskirkjugarður
Halldór Ingi Hallgrímsson	Kirkjugarður Vestmannaeyja
Heimir Bj. Janusarson	KGRP
Helga Halldórsdóttir	KGRP

Hermann Jónasson	Kirkjugarður Siglufjarðar
Hjalti Jóhannsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Indriði Valdimarsson	Kirkjugarður Akraness
Jóhanna Arnórsdóttir	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Jóhannes Pálmason	KGRP
Jón B Olsen	Kirkjugarður Keflavíkur
Jón Finnsson	Kirkjugarður Borgarness
Jörgen Pétur Guðjónsson	KGRP
Katrín Birna Viðarsdóttir	Ásólfsskálakirkjugarður
Kjartan Reynisson	Kirkjugarður Egilsstaða
Kristín Huld Sigurðardóttir	Minjastofnun Íslands
Kristján Jón Guðjónsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Kristján Karl Linnet	KGRP
Kristján Ólafsson	Kirkjugarður Dalvíkur
Magnús Gunnarsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Margrét Þórhallsdóttir	Kirkjug. Húsavíkur umsjón útfara
Ólafur Þ Guðmundsson	Njarðvíkurkirkjugarður
Ólafur Valgeirsson	Vopnafjarðarkirkjugarður
Sigrún Stefánsdóttir	Kirkjugarðar Akureyrar
Sigurgeir Skúlason	Kirkjugarðaráð
Sigurjón Jónasson	KGRP
Smári Sigurðsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Stefán Gunnarsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Stefán Ívar Hansen	Kirkjugarðar Akureyrar
Sveinn Valdimarsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Vilhjálmur G. Siggeirsson	Útfararstofa kirkjugarðanna ehf.
Þjóðbjörn Hannesson	Kirkjugarður Akraness
Þorgeir Adamsson	KGRP
Þórhalla Halldórsdóttir	Útfararstofa KGA
Þórsteinn Ragnarsson	KGRP

Smári Sigurðsson bauð fundargesti velkomna og einnig vorinu sem er á næsta leiti. Smári fór yfir það sem stæði fundarmönnum og mökum til boða eftir að fundi lýkur.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ bauð fundargesti hjartanlega velkomna á 18. aðalfund KGSÍ og fór stuttlega yfir sögu sambandsins sem var stofnað hér á Akureyri.

1. Formaður lagði til að Jóhannes Pálmason stjórnaði fundi og Þorgeir Adamsson ritaði fundargerð. Samþykkt einróma.

Fundarstjóri þakkaði traust í sinn garð. Hann las nöfn fundargesta og viðstaddir stóðu upp til kynningar.

2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ fór yfir ársskýrslu 2012 sem hafði verið dreift til fundarmanna. Hann gerði grein fyrir umsýslu fjármuna sem sambandið sér um að dreifa út til kirkjugarða samkvæmt fyrirliggjandi gjaldalíkani. Sagði frá því að ráðinn hefði verið hagfræðingur til að fara ofan í tilhögun á skiptingu fjármuna og raunverulega kostnaðarþörf.

Nauðsynlegt er fyrir KGSÍ að fá óháðan aðila (eins og Harald) til að tala máli sambandsins við stjórnvöld. Kirkjugarðar eru reknir með tapi þrátt fyrir gífurlegar aðhaldsaðgerðir. Þörf er á að fá gögn sem lesin verða á réttum stöðum í stjórnkerfinu.

Fram kom að verkefni hafa aukist hjá KGSÍ. Frá ársbyrjun 2012 hefur sambandið séð um að greiða öllum prestum landsins fyrir þjónustu við útfarir og hefur það gengið vel.

Því næst vék formaður að því hvernig stjórn KGSÍ er saman sett og benti á að val manna í stjórn markist að hluta til að stærð þeirra kirkjugarða sem eiga fulltrúa í stjórn. Þar hefur aðstaða og vinnuframlag töluvert að segja. Þá nefndi formaður að sameining kirkjugarða gengi hægt og væri það miður. Vék næst að frumvarpi um breytingar á lögum um kirkjugarða sem hefur verið að bögglast fyrir ráðuneytismönnum sl. 7 ár og sagði að það væri rykfalið og nauðsynlegt væri að burstu rykið af því vegna þess að þar væru mörg brýn ákvæði sem þyrftu að verða að lögum. Vefurinn garður.is vex og þróast. Kortavæðing garða í Reykjavík er hafin. Notendur geta þá séð nákvæma staðsetningu leiða á vefnum. Formaður greindi frá norrænu samstarfi og væntanlegri ráðstefnu í Osló.

Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir ágæta skýrslu.

3. Reikningar KGSÍ fyrir árið 2012 lagðir fram til umræðu og samþykktar.

Björn Sveinsson fór yfir og skýrði reikninga sambandsins. Greindi hann frá niðurstöðu endurskoðenda og áritun skoðunarmanna.

Fundarstjóri þakkaði Birni fyrir skýra reikninga.

Ólafur Valgeirsson kom í ræðupúlt og þakkaði stjórn fyrir góða vinnu. Hann saknaði þess að ekki er útskýrt í ársreikningi hvað er á bak við útgjöld. Hann talaði um stjórn og starfstíma stjórnarmanna og benti á að ekki væri samhengi á milli stjórnarhæfileika og „stærðar“ Lagði hann til að hugað yrði að breytingum.

Erlendur Arnarson tók undir með Ólafi að skýringar vantaði á „öðrum rekstrarkostnaði“ Spurði hann um sérfræðikostnað vegna garður.is

Björn Sveinsson saknar sundurliðunar eins og fleiri gera og afsakar þennan misbrest sem virðist hafa orðið við prentun. Hann fór yfir sundurliðun kostnaðar.

Formaður benti á lið 9 í reikningum og útskýrði.

Fundarstjóri bar upp reikningana til samþykktar. Voru þeir einróma samþykktir.

4. Kosning formanns KGSÍ.

Tillaga um endurkjör formanns var einróma samþykkt.

Formaður þakkaði fyrir traust sem sér væri sýnt með endurkosningu. Upplýsti hann að varastjórn væri af og til á fundum og sérstaklega þegar stærri mál væru á dagskrá.

5. Kosning annarra stjórnarmanna og varamanna.

Guðmundur Rafn Sigurðsson og Smári Sigurðsson voru einróma endurkjörnir sem aðalmenn og með sama hætti þau Indriði Valdimarsson og Katrín Birna Viðarsdóttir sem varamenn.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.

Erlendur Geir Arnarsson og Þjóðbjörn Hannesson voru kjörnir skoðunarmenn reikninga.

Fundarstjóri gerði breytingu á röð dagskrárliða.

7. Úttekt á fjármálum kirkjugarða – greining og tillögur. Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur.

Fundarstjóri kynnti Harald L. Haraldsson hagfræðing sem flutti erindi um fjármál kirkjugarða og málefni þeim tengd. M.a kom fram í erindi Haraldar að rekstur líkhúsa væri ekki hluti af lögbundnum verkefnum kirkjugarða eins og þau væru tilgreind í samningi milli ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005. Lögbundnu verkefnið væru í grófum dráttum þrjú:

1. Umhirða og fastur kostnaður
2. Grafartaka og
3. Líkbrensla.

Fjórða rekstrarliðinn vantaði sem ætti að vera rekstur líkhúsa. Haraldur gerði það að tillögu sinni að skipuð yrði fimm manna nefnd þar sem fulltrúar frá fjármálaráðuneyti, innanríkisráðuneyti og kirkjugörðum ættu sæti. Nefndin ætti að fara ofan í málefni raunverulegs kostnaðar og tekna. Haraldur lagaði einnig til að flokkaskipting kirkjugarða í gjaldalíkani yrði endurskoðuð. Taldi hann eðlilegt að ríkissjóður greiddi kostnað vegna reksturs líkhúsa og annaðist flutning líks til geymslu. Lagði hann áherslu á að gerð yrðu skýr uppgjör á milli kirkjugarða og kirkna og aðskilnaður yrði gerður á milli stjórnar kirkjugarða og stjórnar kirkjusókna.

Fundarstjóri þakkaði Haraldi fyrir frábært erindi og greinargerð og bauð fundargestum að setja fram spurningar.

Hermann Jónasson sagði frá tilkynningu frá biskupsstofu um skil ársreikninga til hennar. Hann spurði Harald um skoðun hans á hagnaði Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf.

Erlendur þakkaði fyrir erindið og óskaði eftir gögnum .

Haraldi finnst sjálfsagt að og gott mál að kirkjugarðar reki útfararstofu og þá með hagnaði en þann hagnað ætti ekki að nota til að reka kirkjugarð réttu megin við strikið. Fram kom að ÚSK væri leiðandi í verðlagningu.

8. Erindi heimamanns: Bjarni Guðleifsson náttúrufræðingur ávarpar fundinn.

Fundarstjóri bauð Bjarna Guðleifsson velkominn til fundar.

Bjarni býr á Möðruvöllum í Hörgárdal. Hann hefur aðallega fengist við rannsóknir á kalskemmdum á plöntum. Hefur hann einnig skoðað jarðvegslífið og mun hann hér aðallega fjalla um risann í jarðveginum, ánamaðkinn.

Bjarni kynnti mismunandi tegundir ánamaðka sem finnast hér á landi og sagði frá hverri tegund. Ánamaðkar eru afar mikilvægar lífverur sem gegn lykilhlutverki við niðurbrot á lífrænum leifum í jarðvegi og á yfirborði. Sagði hann frá mismunandi miklu magni þeirra eftir aðstæðum. Einnig greindi hann lítilla frá öðrum jarðvegsdýrum.

Fundarstjóri þakkaði Bjarna fyrri einstaklega skemmtilegt erindi.

Fundarstjóri gerð stutt hlé á fundi vegna hádegisverðar.

9. Fréttir frá Kirkjugarði Hafnarfjarðar – Arnór Sigurðsson kirkjugarðsvörður segir frá starfi sínu.

Arnór rakti sögu greftrana í Hafnarfirði. Fram kom að áður en kirkjugarður var gerður í Hafnarfirði þá voru Hafnfirðingar jarðsettir á Görðum (í Garðakirkjugarði). Hann rakti sögu kirkjugarðsins í Hafnarfirði og þróun skipulags og stærðar garðsins. Hann sagði frá starfi sínu við kirkjugarðinn sem spannar rúmlega tvo áratugi. Fram kom að undanfarin ár hefur skortur á plássi fyrir ný grafarsvæði verið af skornum skammti og horfir nú svo við að sveitarfélagið nái ekki að ganga frá nýju landi til úthlutunar fyrir grafarsvæði á næstu árum. Ástandið vegna þessa er því alvarlegt fyrir Kirkjugarða Hafnarfjarðar. Arnóri til aðstoðar við tæknilega framsetningu var Jóhanna dóttir hans.

Fundarstjóri þakkaði Arnóri fyrir fróðlegt og gott erindi.

10. Sigurgeir Skúlason, starfsmaður Kirkjugarðaráðs, kynnr kortakerfi á www.gardur.is.

Sigurgeir sagði frá kortakerfi sem tengist gagnagrunni kirkjugarða og birtist sem upplýsingar á vefnum gardur.is. Úthlutun leiða verður auðveldari og skilvirkari á allan máta og aðstandendur geta séð á loftmynd sem birtist af garði, nákvæma staðsetningu leiðis sem leitað er að vefnum.

Fundarstjóri þakkaði Sigurgeir fyrir áhugavert erindi.

Þórsteinn sagði frá þeirri miklu hagræðingu sem felst í því að nota slíkt kerfi. Skilvirkni eykst við nýtingu grafstæða.

Arnór Sigurðsson spurðist fyrir um skráningu þeirra sem eru skráðir fyrir leiðum og hvort breytingar á slíkum skráningum (áætluðum jarðsetningum) yrðu til vandræða síðar. Fram kom að svo ætti ekki að vera þar sem nöfn kennitölur aðstandenda sem koma með tímanum inn í bókunarkerfið gefa til kynna ef breyting verður.

11. Verklagsreglur fyrir starfsmenn kirkjugarða – Þorgeir Adamsson KGRP, Heimir B. Janusarson KGRP og Stefán Gunnarsson KGA og Guðmundur Rafn Sigurðsson kirkjugarðaráði fylgja úr hlaði drögum að verklagsreglum.

Guðmundur Rafn Sigurðsson sagði frá aðdraganda að því að farið var af stað við þá vinnu við að útbúa verklagsreglur fyrir störf í kirkjugörðum. Tillaga kom fram á síðasta aðalfundi að stofnaður yrði vinnuhópur sem hefði það hlutverk að setja saman verklagsreglur. Reynsla hefur sýnt að góð not eru fyrir slíkar reglur og dæmi eru um að verklag við hin ýmsu verk og þar á meðal grafartekt hefur varið úr böndum og ekki verið eins og eðlilegt getur talist.

Heimir Janusarson setti fram tillögu að n.k. „tímaás“ þar sem sett eru fram öll helstu atriði sem skipta máli í reglulegri umhirðu kirkjugarða. Verkbættir taldir upp og þeim raðað niður. Hægt væri með slíku „skipuriti“ að sjá hvað á að gera á hverjum tíma. Nýtist vel þeim sem eru e.t.v. ekki öllum hnútum kunnugir.

Þorgeir Adamsson kynnti drög að verklagsreglum við grafartekt sem skráðar voru eftir erindi hans á aðalfundi 2012 á Hótel Laka. Skjali með drögnum var dreift til fundargesta.

Stefán Gunnarsson fjallaði um frágang grafa og viðhald þeirra í framhaldi af jarðsetningu. Eins og með önnur verkefni er ástæða til að gera frágangi grafa og viðhaldi þeirra skil í verklagsreglum.

12. Önnur mál.

Formaður KGSÍ tók til máls og lýsti ánægju með erindi fundarins. Skýrslu frá Haraldi L Haraldssyni verður ekki dreift á fundinum. Kynna þarf niðurstöður hennar áður í kirkjugarðaráði og í innanríkisráðuneyti.

Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins sagði frá tengslum sínum við kirkjugarða í gegnum kirkjugarðaráð. Hún vildi minna á mikilvægi þess að kirkjugarðar hefðu samráð við Minjavernd þegar verið væri að breyta og bæta í görðum.

Bjarni Kr. Grímsson sagði frá málefnum varðandi milligöngu biskupsstofu við skil ársreikninga kirkjugarða til ríkisendurskoðunar.

Björn Sveinsson greindi frá bréfi frá Gunnþóri Gíslasyni, kirkjugarðsverði, varðandi frágang grafa í Selfosskirkjugarði.

Hermann Jónasson þakkaði fyrir góð erindi og benti á ýmislegt sem horfir við á mismunandi hátt eftir því hvaðan litið er á málin.

Ólafur Valgeirsson talaði um yfirstjórn kirkjugarða og sókna og breytingar í átt til sameiningar.

Magnús Gunnarsson þakkaði fyrir fundinn og benti á að það væru nokkur atriði sem forvígismenn kirkjugarða þyrftu að ígrunda vel áður en skýrslan yrði kynnt og rætt yrði við fulltrúa til hins opinbera.

Fundarstjóri lokaði mælendaskrá og þakkaði fyrir sig.

Þórsteinn þakkaði gestum fyrir komuna á fundin, fyrirlesurum fyrir flutning erinda og embættismönnum fundarins fyrir þeirra störf og sleit fundi.

B.A.

